




Yfirlitsuppráttur af Þórs Mörk í mkv. 1:20.000.

GREINARGERÐ

1 INNGANGUR

1.1 Skipulagssvæðið

Deiliskipulagið tekur til um 30 ha svæðis, nefnt Húsadalur. Svæðið tekur yfir Húsadal í Þórs Mörk auk göngubrúar yfir Markarfljót og aðkomu að henni. Svæðið er skilgreint sem skálasvæði samkvæmt Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015 og í Aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012-2024. Á skálasvæðum er almennt gert ráð fyrir að allt að 150 gestir geti gisti í húsum.

i. Stefnumörkun fyrir Þórsmerkursvæðið dags. 13. feb. 2015 er gerð grein fyrir svæðinu, þ.e. forsendum skipulagsins og umhverfisskýrslu.

1.2 Skipulagsgögn

Kortagrunnar

Skipulagssuppráttur er teiknaður eftir loftmynd frá Loftmyndum ehf. Grunn gögn eru ISS0v frá Landmælingum Íslands. Hnit eru í ISN93.

Skipulagsgögn eru þessi:

i. Deiliskipulagssuppráttur í mælikvarða 1:2.000.

ii. Afstöðumynd í mælikvarða 1:50.000 sem er hluti af Aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012-2024.

iii. Yfirlitsuppráttur af Þórs Mörk í mkv. 1:20.000.

iv. Forsendur, yfirlitsuppráttur og umhverfisskýrsla - Þórs Mörk, stefnumörkun í skipulags- og byggingarmálum dags. 13. feb. 2015, m. breytingum dags. 10.02.2016.

1.3 Forminjar

Engar þekktar forminjar eru innan skipulagssvæðisins.

2 LÝSING DEILISKIPULAGS

2.1 Lóðir og byggingar

Afmörkuð eru 9 misstórar lóðir. Síndur er byggingareitir fyrir hverja lóð.

A þremur lóðum, er gert ráð fyrir plássfrekri starfsemi auk bygginga, s.s. tjaldstöði, afþreyingarsvæði eða aðstöðu fyrir hestaferðir. Ekki er gert ráð fyrir umfangsmikilli gistinguþjónustu á lóðum sem skilgreindar eru fyrir eftirlits- og/eða þjónustaðila eða plássfreka starfsemi. Kvóð er á öllum lóðum um lagaleiðir.

H-1: Stærð lóðar er um 7.500 m² (0,75 ha). Hentar t.d. fyrir aðstöðu til þjónustu við hestaferðir eða aðra starfsemi sem þarf að vera í útjaðri. Hámarks byggingamagn á lóð er 200 m³.

H-2: Stærð lóðar er um 7.763 m² (0,78 ha). Getur hentað fyrir plássfrekari starfsemi s.s. fyrir minni ferðir, fjallahjólaleigu eða annað. Hámarks byggingamagn á lóð er 200 m³.

H-3: Stærð lóðar er um 28.900 m² (2,89 ha). Á lóðinni eru smáhýsi, þjónustuhús og skálar, alls um 475 m². Hentar t.d. fyrir megin tjaldsvæði ásamt þjónustu. Gert er ráð fyrir byggingareit fyrir smáhýsi og/eða stærri hús. Hægt er að stækka núverandi hús í brekkunni, þau geta verið allt að 75 m². Þá er heimilt að útbúa aðstöðu til útivistar og vegna heltra þotta undir brekkunni. Hámarks byggingamagn á lóð er 600 m³.

H-4: Stærð lóðar er um 11.700 m² (1,17 ha). Á lóðinni er hús fyrir þjónustu- og veitingarekstur, alls um 263 m². Hentar til frekari uppbyggingar veitingareksturs og/eða gistingar. Kvóð er um aðkomu um lóðina að lóð H-3. Hámarks byggingamagn á lóð er 500 m³.

H-5: Stærð lóðar er um 9.000 m² (0,90 ha). Getur hentað til plássfrekari starfsemi s.s. fyrir styttri ferðir, fjallahjólaleigu eða annað. Hámarks byggingamagn á lóð er 200 m³.

H-6: Stærð lóðar er um 100 m² (0,01 ha). Lóðin er afmörkuð utan um rafmagnstengibox.

H-7: Stærð lóðar er um 1.700 m² (0,17 ha). Hentar eftirlits- og/eða þjónustuaðilum. Hámarks byggingamagn á lóð er 120 m³.

H-8: Stærð lóðar er um 1.700 m² (0,17 ha). Hentar eftirlits- og/eða þjónustuaðilum. Hámarks byggingamagn á lóð er 120 m³.

H-9: Stærð lóðar er um 1.700 m² (0,17 ha). Hentar eftirlits- og/eða þjónustuaðilum. Hámarks byggingamagn á lóð er 120 m³.

Í lengri framtíð er gert ráð fyrir mögulegri uppbyggingu norðan göngubrúar, í samræmi við niðurstöður Rammaskipulags Suðurlandis, dagsett í janúar 2014.

2.2 Varnargarðar

Varnargarðar sem gerðir hafa verið til að halda Markarfljóti frá þjónustusvæðinu í Húsadal eru sýndir til skýringar á upprætti, ekki þarf að breyta deiliskipulagi þó breytingar verði gerðar á varnargarði eða ný varnarmannvirki gerð. Gerð varnargarða er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar.

2.3 Samgöngur

Þó meginþótt fólks komi akandi að svæðinu, eru sífellt fleiri sem velja annars konar ferðamáta. Helstu leiðir eru sýndar á skýringarmynd og innan deiliskipulagssvæðis, en til viðbótar eru aðrar gönguleiðir sem ekki eru sýndar á skipulagi.

Vegir

Aðkoma að Húsadal verður áfram af Suðurlandsvegi austan Markarfljóts og um Þórsmerkuvæg nr. 249 og yfir Krossá inn í Húsadal. Á þessari leið eru jókular sem geta orðið vatnsmiklar og illfærar á skömmum tíma og þá sérstaklega Krossá.


Gerð verður ný aðkoma, um Fljótshöfveg nr. 261, inn að göngubrú yfir Markarfljót.

Göngubrúin verður á mótis við Húsadal.

Bílastæði eru við gíttiskála og einnig við þjónustumiðstöð í Húsadal. Bílastæði eru sýnd á deiliskipulagssupprætti.

Göngubrú

Göngubrú yfir Markarfljót verður hengibrú sem fellur vel að landi. Gert er ráð fyrir að helldarbreidd brúar verði allt að 3,5m en ekki er gert ráð fyrir almenni umferð okutækja yfir brúna.



Aðalskipulag Rangárþings eystra 2012-2024. Mkv. 1:50.000.



Dæmisnið fyrir hús í brekkufæti, mkv. 1:500.

SKIPULAGSGÖGN

Deiliskipulagssuppráttur í mkv. 1:2.000. Yfirlitsuppráttur af Þórs Mörk í mkv. 1:20.000. Greinargerð.

Þórs Mörk - Stefnumörkun í skipulags- og byggingarmálum. Yfirlitsuppráttur skipulags í mkv. 1:20.000. Aðalskipulag Rangárþings eystra 2012-2024 í mkv. 1:50.000.

KORTAGRUNNAR

ISS0v frá Landmælingum Íslands. Loftmyndir frá Loftmyndum ehf. Hnit eru í ISN93.

Deiliskipulag þetta, sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með slóari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra þann *24. júní 2017*.

f.h. Rangárþings eystra

Arnar Þór Halldórsson

Deiliskipulagstillagan öðlast glídi með auglýsingu í B-dæld Stjórnartíðinda þann *7. júní 2018*.



STEINSHOLT

850 Hella, S. 487 7800
www.steinsholt.is

Hanna: GG, AJ, HS, IS
Teiknað: IS, HS

HÚSADALUR

Deiliskipulag

Verk: 8613 DA141	Dags: 13.02.2015
Mkv: 1:2.000 / 1:20.000	Breytt: 16.12.2017
Bláðstærð: A1	Samþykkt: